

EFTIRLITSSKÝRSLA

GMR Endurvinnslan ehf Hvalfjörður



Dags eftirlits	26.6.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	GMR Endurvinnslan ehf	Eftirlitsmaður	Svava Pétursdóttir/Hlin
Heimili	Tangavegi 7	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	5406101930	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Marteinn Másson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrra reglubundna eftirlit ársins hjá GMR endurvinnslunni ehf. Engin starfsemi hefur farið fram á þessu ári þar sem fyrirtækið var tekið til gjaldprotaskipta. Eitt frávik kom fram frá starfsleyfi og einni ábendingu er komið áleiðis til rekstraraðila.

UMFANG EFTIRLITS

Skoðaðar voru aðstæður umhverfis lóð GMR og hvar síupokar höfðu verið grafnir um skv. kröfu vegna fráviks frá síðasta eftirliti. Þann 14. apríl sl. voru grafnir upp þeir pokar sem fundust í jarðvegi við hlið verksmiðjunnar með beltagröfu. Fjöldi poka/sekkja skv. skiptastjóra voru um 15-25 talsins en talan er óljós þar sem pokar voru tættir. Skv. skiptastjóra er erfitt að meta hve mikið efni var í sekkjunum áður en þeir voru urðaðir en þó líklega blanda af síuryki og jarðvegi. Samtals var mokað upp og sett í 18 nýja stórsekki og 1 kar. Pokarnir og karið stendur enn fyrir utan og bendir stofnunin á að farga þarf efninu á viðurkenndan máta.

Farið var einnig inn í verksmiðjuna en lágmarks kælikerfum var haldið í gangi til að ofn og tæki verksmiðjunnar eyðilögðust ekki í vetur en staðan var annars óbreytt frá eftirliti árið 2017.

Frávik frá

grein 2.13 - Annar úrgangur

Lýsing á frávik

Gamlar gröfur, slagg, rafskaut og fl. er enn geymt á lóðinni ásamt öðrum úrgangi. Varanleg geymsla hvers konar úrgangs á verksmiðjusvæðinu er óheimil.

ATHUGASEMDIR

Stofnunin óskar eftir uppfærðri lokunaráætlun skv. grein 1.6 í starfsleyfi.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 24.08.2018


Einar Halldórsson